

Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



1. Árg. 10 tbl. desember 2021



*Hugheilar jóla- og nýárskveðjur
til íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps.*

*Kærar þakkir fyrir samskiptin
á árinu sem er að líða*

Sveitarstjórn

Gaukurinn – rafrænt fréttabréf Skeiða – og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður: Sýlvía Karen Heimisdóttir

Umsjón: Hrönn Jónsdóttir

Gjöf Lions klúbbsins Dynks til Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs.

Nú á dögnum barst okkur einkar ánægjuleg heimsókn frá Lions klúbbum Dynk. Þeir komu færandi hendi með gjafabréf að andvirði 500 þús. Kr. Svona gjöf sýnir vel góðvild og traust samfélagsins á því starfi sem við sinnum en það er leit, björgun og hverskyns aðstoð sem björgunarsveitir veita þegar eitthvað bjátar á.

Til að vera í stakk búin til að takast á við hin ólíkustu verkefni þá er mjög mikilvægt að tækjabúnaður sé uppfærður og menn kunni skil á notkun búnaðarins því oft eru aðstæður ekki sérstaklega góðar þegar á reynir. Því er svona gjöf mjög mikilvæg og gerir björgunarsveitinni kleift að uppfæra GPS tækin á öllum okkar ökutækjum.

GPS tæki er sá búnaður sem mest er treyst á þegar þarf að komast leiðar sinnar í slæmum veðrum og oft á fjöllum þar sem lítið eru um stikaðar leiðir. Þá er mikilvægt að tækin sem notuð eru séu notendavæn og geri mönnum kleift að nota nýjust tækni af öryggi og nákvæmni. Sá búnaður sem er verið að skoða kaup á getur tengst við önnur tæki sem eru nálægt en það eykur mjög á öryggi okkar að geta séð hvar aðrir í hópnum eru og um leið er hægt að uppfæra leiðir á milli tækja þráðlaust sem getur auðveldað mjög vinnu við leit í erfiðu færi og skyggni.

Þakklæti okkar sem starfa í Björgunarsveitinni Sigurgeir er mikið til Lions klúbbsins Dynks sem af miklum rausnarskap gerir okkur kleift að endurnýja þennan búnað.

FH. Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs
Björgvin Þór Harðarson, formaður.



Hér tekur Björgvin Þór, formaður Bjsv.Sigurgeirs við gjöfinni af Haraldi Ívari Guðmundssyni og Sigvalda Kaldalóns.

Við sama tækifæri gaf Lions klúbburinn einnig veglegar peningagjafir til Björgunarsveitarinnar Eyvindar á Flúðum, Skaftholts og í Sjóðinn Góða – sem er góðgerðarsjóður sem starfar á suðurlandi og útteilir mikið af styrkjum á svæðinu í kringum jól og áramót.

Kveikjum varðeld og sköpum gæðastund í skóginum.

Í tilefni þess að þetta árið leggur Heilsueflandi Uppsveitir áherslu á geðrækt, andlega líðan og félagslega virkni þá ætlar Heilsueflandi Uppsveitir í samstarfi við Skógræktina ætlar að bjóða fjölskyldu fólki og öðrum íbúum uppsveitanna til að nýta skipulögð bálstæði í uppsveitunum. Á samfélagsmiðlum okkar má finna myndband um hvernig við búum til varðeld og hvernig við göngum frá eldstæði.

Á milli jóla og nýárs munum við skaffa eldivið á fyrir fram ákveðnum bálstæðum, sem fólki er frjálst að nota svo lengi sem birgðir endast.

Munum bara að ganga vel um skóginn, förum aldrei frá lifandi eldi og tókum allt rusl með okkur. – Og gaman væri að fá myndir á íbúasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps á facebook.

Staðirnir sem verða með eldivið eru:

Haukadalskógur: inn í skóginum við hliðina á bílastæðinu, þar rétt við er einnig salerni

Laugarvatn: í eldaskálanum í skóginum fyrir ofan gamla pósthúsið

Flúðir: í Lækjargarðinum, við skýlið og eldstæðið í kvenfélagsreitnum

Þjórsárdalsskógur: í bálskýlinu við Selhöfða, salernið þar við er opið.

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og góðs nýs ár.
Njótið og eigið góða stundir .

Með jólakveðjum
Heilsueflandi Uppsveitir og Skógræktin



Pinnabrauð á eldinn

Einfaldur, fljótlegur og sívinsæll réttur til að elda á eldi er pinnabrauð – gott er að undirbúa deigið heima og hér er tillaga að uppskrift:

4 dl. Hveiti
½ tsk salt
2 tsk sykur
2 tsk lyftiduft
5 msk. Matarolía
Ca 1,5 dl. Vatn
(Ekki svo mikið að deigið verði of klístrað)



Úti í skógi þarf að finna góða grein, ekki verra ef hægt er að tálga hana aðeins til. Brauðdeigið er vafið um greinina, passa að hafa deigið ekki of þykkt eða mjög þétt vafið. Það er svo bakað yfir eldinum.

Einnig er hægt að þræða pylsu uppá greinina, hita hana aðeins og vefja svo deiginu utanum pylsuna og baka þannig.

Einnig má leika sér með deigið, setja í það kanilsykur, pizza krydd og rifinn ost eða hvað sem hugurinn girnist.

Fleiri hugmyndir að mat til að elda yfir eldi má finna á norsku síðunni utemat.no

Nýr samningur við Íslenska Gámafélagið

Nú í ár rann út samningur við Íslenska gámafélagið (ÍGF) um sorphirðu hér í sveitarfélaginu. Að því tilefni var verkið boðið út, buðu 4 aðilar í það en gengið var að lokum til samninga við lægstbjóðandi, sem var ÍGF. Í nýjum samningi er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á sorphirðu í sveitarfélaginu:

- Í staðinn fyrir eina endurvinnslutunnu verða þær nú tvær, einni 360 lítra tunnu verður bætt við og er hún ætluð undir plast en í stóru grænu tunnuna fer áfram pappi, pappír og málmar eins og áður.
- Nýja tunnan verður keyrð út til heimila og stofnanna í byrjun nýs árs.
- Endurvinnslutunnurnar tvær verða sóttar á 6 vikna fresti.
- Almenna sorpið verður sótt á 6 vikna fresti nema yfir sumartímann, frá maí og fram í september, þá er það á 4 vikna fresti.
- Grenndarstöðvar hafa verið settar upp í Árnesi, beint á móti félagsheimilinu og í Brautarholti við Skeiðalaug.
- Grenndarstöðvarnar eru alltaf opnar og þar eru gámar fyrir almennt sorp, pappír, gler, plast og málma.
- Gámasvæðin í Brautarholti og Árnesi verða áfram á sínum stað með óbreyttum opnunartíma.

Miklar breytingar urðu á lögum um meðhöndlun úrgangs nú í sumar og frá og með 1. janúar 2023 verða sveitarfélög skyldug til að innheimta fyrir sorp eftir notkun hvers íbúa, byggt á svokallaðri „Borgaðu fyrir að henda“ aðferðarfræði sem gengur út á að kostnaður íbúa og fyrirtækja tekur mið af magni úrgangs, gerð, losunartíðni, frágangi úrgangs og öðrum þáttum sem hafa áhrif á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Því er mikilvægt að fara að huga að því hvernig hægt er að minnka urðun og auka flokkun eins og kostur er. Náttúran okkar er takmörkuð auðlind sem okkur mannfólkinu ber skylda til að fara vel með og nýta vel.

Jólapeysudagur í staðin fyrir áramótabrennu

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu hefur verið hætt við áramótabrennu sem fyrirhuguð var.

Í staðin hvetjum við alla til að kveðja jólin og klæða sig í jólapeysurnar sínar föstudaginn 7. janúar – á þrettándanum. Þeir sem ekki eiga jólapeysur eru hvattir til að koma sér upp jólapeysum, til dæmis með því að finna peysu og skreyta hana með fallegu jólaskrauti, jafnvel jólaseríu. Handóðir þrjónarar gætu jafnvel náð að þrjóna jólapeysu? Gaman væri að fá myndir af jólapeysum sveitarinnar inn á „Íbúasíða Skeiða- og Gnúpverjahrepps“.

Breytingar á opnunartíma yfir hátíðir:

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps verður lokuð eftir hádegi á Þorláksmessu og opnar aftur þriðjudaginn 28. desember. Hún verður líka lokuð á gamlársdag.

Gámasvæðin í Árnesi og Brautarholti verða lokuð á jóladag og nýársdag. - Minnum enn og aftur á að grenndarstöðvar í Árnesi og Brautarholti eru alltaf opnar og þar er hægt að losa sig við plast, pappa, almennt rusl, gler og málma.





*Björgunarsveitin
Sigurgeir*

FLUGELDASALA

***Opið 29. des 13:00 –
18:00***

og 30. des 13:00 – 18:00

***31. des. kl. 10:00 - 16:00
við björgunarsveitarhúsið
í Árnesi***

**Tekið er við debet og
kreditkortum**

Björgunarsveitin Sigurgeir